

SAMÞYKKT

um búfjánhald í Snæfellsbæ

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjánhaldi utan lögbýla í Snæfellsbæ, koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt og ágang búfjár á lóðir í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Ennfremur að hafa eftirlit með að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og vel við haldið, í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjánhald o.fl., og ákvarðanir bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Bæjarstjórn getur falið landbúnaðarnefnd bæjarins framkvæmd málaflokksins.

2. gr.

Búfjánhald er óheimilt innan þéttbýlis á eftirtöldum stöðum; í Ólafsvík, á Rífi, á Hellissandi, á Hellnum og á Arnarstapa. Einnig er búfjánhald óheimilt í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðuðum svæðum í Snæfellsbæ án leyfis bæjarstjórnar.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjánhalds skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost ásamt öðru sem máli kann að kipta um öryggi þess og vörslu. Ennfremur skal fylgja umsókninni staðfesting á aðgengi að hagagöngu og beitilandi, eftir því sem við á.

Óheimilt er að veita leyfi til búfjánhalds nema á svæðum sem skipulögð eru undir búfjánhald.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafis er, skal veita honum leyfi til búfjánhalds og skal það takmarkast við ákveðinn fjölda búfjár. Leyfisveiting búfjánhalds skuldbindur þó ekki Snæfellsbæ til að sjá búfjáreigendum fyrir beitilandi fyrir búféð né veita þeim aðra aðstöðu til búfjánhalds.

4. gr.

Brjótí umráðamaður búfjár sem fengið hefur leyfi sbr. 3. gr., gegn lögum nr. 103/2002 um búfjánhalds o.fl., reglugerðum settum skv. þeim eða gegn samþykkt þessari má afturkalla leyfið með viku fyrirvara.

Ef búfé er haldið í Snæfellsbæ án leyfis, er bæjarstjórn heimilt að krefjast þess að lögreglustjóri taki viðkomandi búfé úr vörslu búfjáreiganda.

5. gr.

Búfé skal greinilega markað eða merkt leyfishafa í samræmi við reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998, ásamt síðari breytingum.

6. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð innan þeirra girðinga sem umlykja alla þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar, þ.e. í Ólafsvík, á Hellissandi, á Rífi, á Arnarstapa og á Hellnum sbr. ákvæði 3., 4., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 59/2000 um vörslu búfjár. Búfé sem gengur laust innan girðinganna skal handsamað og tekið í vörslu, sbr. ákvæði 5. gr. sömu reglugerðar.

Ráðstöfun búfjársins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og sérstökum ákvæðum í viðkomandi fjallskilasamþykkt.

7. gr.

Lausaganga hrossa í landi Snæfellsbæjar er óheimil. Gangi hross laus í landi Snæfellsbæjar, er heimilt að grípa til ráðstafana skv. 6. gr. samþykktar þessarar, enda hafi eigandi hrossa ekki gert ráðstafanir til að halda þeim innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

8. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginu utan bújarða og svæða sem ekki eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

9. gr.

Aðilar, sem við gildistöku þessarar samþykktar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til bæjarstjórnar innan tveggja mánaða frá gildistöku samþykktar þessarar. Bæjarstjórn heldur skrá yfir alla sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila félagsbús og bústjóra og stjórnarformenn annarra félaga.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Rísi mál út af þessari samþykkt skal farið með það að hætti opinberra mála, skv. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

11. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Snæfellsbæjar, er sett í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felldar reglugerðir nr. 217/1989 um búfjárhald í Neshreppi utan Ennis og reglugerð nr. 343/1990 um búfjárhald í Ólafsvíkurkaupstað.